

Afurð	Hámarksgildi fyrir aflatoxín (µg/kg)			Sýnatöku- aðferð	Nothæfis- viðmiðanir fyrir efnagreiningar- aðferðir
	B1	(B1 + B2 + G1 + G2)	M1		
2.1.3. Mjólk (hrámjólk, mjólk til framleiðslu á afurðum, að stofni til úr mjólk, og hita- meðhöndluð mjólk samkvæmt skilgreiningu í tilskipun ráðsins 92/46/EBE (10), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (11))	—	—	0,05	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB
2.1.4. „Eftirfarandi kryddtegundir: – <i>Capsicum spp.</i> (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldpaprika (chilli), eldpaprikuduft, kajennpipar og paprika) – <i>Piper spp.</i> (aldinin, þ.m.t. hvítur og svartur pipar) – <i>Myristica fragrans</i> (múskat) – <i>Zingiber officinale</i> (engifer) – <i>Curcuma longa</i> (gullinrót (túrmerik))	5,0	10,0	—	Tilskipun 98/53/EB	Tilskipun 98/53/EB

(⁶) Hámarksgildin skulu gilda um ætan hluta jarðhnetna, hnetna og þurrkaðra aldina. Ef hnetur eru efnagreindar „með skurn“ skulu útreikningar á innihaldi aflatoxína miðast við að öll mengandi efni séu í æta hlutanum.

(⁷) Stjtið. EB L 201, 17.7.1998, bls. 93.

(¹⁰) Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 1.

(¹¹) Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1.“

2. Neðanmálgrein 9 falli brott.

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi að Haukanesi 19 í Arnarnesi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Haukanes 19 í Arnarnesi í Garðabæ. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur hússins er stækkaður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 19. apríl 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.